

Þormóðsgata 40, eign Þormóðs Eyjólfssonar,
 Þormóðsgata 42, eign Þormóðs Eyjólfssonar,
 Ránargata 40, eign Andrésar Hafliðasonar og Guðmundar Hannessonar,
 Vetrarbraut 32, eign Indriða Jóhannssonar, dánarbú.

163

7. sept.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. september 1939.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

164

9. sept.

um sölu og úthlutun á matvörutegundum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939 er hér með sett eftirfarandi reglugerð.

1. gr.

Frá 18. sept. 1939 að telja er bannað að selja rúgbrauð og hveitibrauð, rúg, rúgmjöl, hveiti, hveitimjöl, hafragrjón, haframjöl, hrisgrjón, matbaunir, bankabygg og aðrar kornvörur, nema fóðurbygg, hafra og fóðurmaís, ennfremur kaffi og sykur, nema gegn seðlum, sem út eru gefnir að tilhlutun ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Ríkisstjórnin sendir öllum hreppsnefndum og bæjarstjórnnum skömmtunar-seðla, miðaða við mannfjölda á hverjum stað, og skulu þær úthluta seðlum til allra heimila, þannig að hverjum heimilismanni sé ætlaður einn seðill. Úthlutunin fer fram í fyrsta sinn 16. og 17. sept. n.k., á þann hátt, að móttakendur skulu kvaddir saman eða heimilisfeður í þeirra stað.

Kostnað við prentun og útsendingu seðlanna til hreppsnefnda og bæjarstjórna ber ríkissjóður, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn á hverjum stað annan kostnað við úthlutunina.

3. gr.

Þá er úthlutun seðlanna fer fram í fyrsta sinn skulu viðtakendur þeirra undirrita drengskaparvottorð um hve mikinn forða þeir eigi af vörutegundum, er seðlarnir hljóða um, á þar til gerð eyðublöð. Skal forðinn dreginn frá við fyrstu eða aðra úthlutun og hinar síðari, þar til honum er lokið, með því að klippa af seðlunum sem svarar því vörumagni, er forðanum nemur. Eru allir heimilisfeður skyldir, að viðlögðum sektum, að mæta eða láta mæta til slíkrar skýrslugjafar, jafnt þótt þeir eigi nægar birgðir og þurfi því eigi seðla fyrst um sinn.

4. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn skömmtunarskrifstofu, sem hefir yfirumsjón með matvælaúthlutun samkvæmt þessari reglugerð og öðrum hliðstæðum ráðstöfunum eftir nánari fyrirmælum ríkisstjórnarinnar.

5. gr.

Þá er úthlutun hefir farið fram skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir senda skömmtunarskrifstofunni símeiðis skýrslu um hve miklar birgðir hafi verið sam-

164 tals á heimilum, hve mikið af seðlum hafi orðið afgangs og hve miklu magni af-
9. sept. klippingar hafa numið. Ónotaðir seðlar og afklippingar skulu sendir skömmtunar-
skrifstofu með fyrstu pósthferð, en geyma skal drengskaparyfirlýsingar um birgðir
til athugunar við næstu úthlutanir. Skömmtunarskrifstofan getur leyft, að ónotaðir
seðlar verði að einhverju leyti eftir í vörzlum hreppsnefnda eða bæjarstjórna, til
aukaúthlutunar, ef þörf krefur.

6. gr.

Hinn 16.—17. sept. n.k. skulu allir þeir, er verzla með framangreindar vöru-
tegundir, framkvæma birgðatalningu og gefa hreppsnefndum eða bæjarstjórnnum
drengskaparvottorð á þar til gerð eyðublöð um birgðir sínar af þessum vöruteg-
undum.

Heildarskýrslu um birgðir verzlana í hverjum hreppi eða kaupstað skal senda
skömmtunarskrifstofu símleiðis.

7. gr.

Seðlaúthlutun fer þannig fram, eftir að fyrstu úthlutun er lokið, að í lok hvers
mánaðar eru afhentir seðlar fyrir næsta mánuð til þeirra, sem skila stofnum af
eldri seðlum, með áritun nafns og heimilisfangs, og ennfremur til þeirra, sem fært
geta sönnur á, að þeir hafi ekki fengið seðla við fyrri úthlutanir. Hreppsnefndum
er heimilt að gefa sveitaheimilum, sem vegna staðhátta geta ekki dregið að sér
matvæli mánaðarlega að vetrinum, ávísanir um afhendingu á skömmtunarvörum
hjá kaupmanni þeim eða kaupfélagi, sem þau skipta við. Jafngildi ávísananna sé
síðan klippt af seðlum heimilismanna áður en þeir eru afhentir og afhent verzlun
þeirri, sem látið hefir úti vörurnar gegn framvísun ávísananna.

8. gr.

Hver skömmtunarseðill gildir fyrir einn mann í einn mánuð (að undanskyldu
því, að fyrsti skömmtunarseðillinn gildir til 1. okt. 1939, og er um helming af því
magni, sem hér fer á eftir). Skiptist hann í stofn og 30 reiti. Eru 12 reitir fyrir
hveiti eða hveitibrauð, hver fyrir 200 g af hveiti eða 250 g af hveitibrauði, 6 reitir
fyrir rúgmjöl eða rúgbrauð, hver fyrir 500 g af rúgmjöli eða 750 g af rúgbrauði,
4 reitir fyrir hafragrjón, hver fyrir 250 g, 2 reitir fyrir hrisgrjón, baunir og allt
annað kornmeti en það, sem hér er talið að framan, nema fódurbygg, hafra og
fóðurmais, hvor fyrir 250 g, 2 reitir fyrir kaffi, hvor fyrir 125 g af brenndu og
möluðu kaffi eða 150 g af óbrenndu kaffi og 4 reitir fyrir sykur, hver fyrir 500 g.
Má klippa seðlana í sundur og skulu reitirnir afhentir jafnóðum og kaup fara
fram, en stofninn skal geyma þar til næsta afhending fer fram. Skal honum þá
skilað, og verða nýir seðlar aðeins afhentir gegn eldri stofni.

9. gr.

Heimilt er að kaupa bygggrjón út á haframjölseðla ef óskað er.

Ef svo er ástatt, að maður má eigi borða rúgmjöl eða rúgbrauð samkvæmt
læknisráði, getur hann sent skömmtunarskrifstofunni beiðni um skipti á þeim
seðlum fyrir hveitiseðla, og skulu rúgmjölseðlarnir, er óskað er skipti á, fylgja
beiðninni ásamt læknisvottorði.

10. gr.

Auk hinnar venjulegu skömmtunar er leyfð aukaskömmtun á rúgmjöli til
notkunar í slátur. Er aukaskammturinn ákveðinn 2 kg af rúgmjöli í hvert slátur.
Skulu þeir, sem kaupa slátur, sýna skilríki frá seljanda um kaupin, þeir sem hafa
látið sláttra hjá öðrum, vottorð um hve mörg slátur þeir hafi flutt heim, en þeir,
er sláttra heima, skulu gefa drengskaparyfirlýsingu um það, hve mörg slátur þeir

hafi tekið þar. Smásöluverzlunum er heimilt að afgreiða rúgmjöl samkvæmt þess- 164
um skilríkjum, sem þeir afhenda síðan hreppsnefndum á sama hátt og segir í 12. gr., 9. sept.
og fá innkaupsleyfi í staðinn.

11. gr.

Skömmtnarskrifstofan afhendir brauðgerðarhúsum ávísanir til innkaupa á þeim skömmtnarvörum, er þeim kann að verða leyft að nota í annað en hveiti-
brauð og rúgbrauð eftir reglum, sem ríkisstjórnin setur henni. Á sama hátt afhendir
skömmtnarskrifstofan öðrum iðnfyrirtækjum ávísanir til innkaupa á þeim
skömmtnarvörum, sem þau kunna að nota. Ennfremur matsöluhúsum, sjúkrahúsum
og öðrum svipuðum stofnunum.

12. gr.

Smásöluverzlanir (og brauðgerðarhús) afhenda hreppsnefndum eða bæjar-
stjórnnum þá skömmtnarseðla, er þeir fá fyrir seldar vörur, og eigi síðar en 5. dag
næsta mánaðar, og fá í staðinn hjá þeim vottorð um, hve miklu þeir hafi skilað.
Frá sama tíma eru eldri seðlar ógildir. Vottorð þessi, eitt eða fleiri, sem jafnframt
eru leyfi til innkaupa, skulu þeir láta fylgja pöntunum sínum til heildsöluverzlana.
Hafi smásöluverzlun eigi fengið nægilegt seðlamagn til þess að fá þær vörur, er
hún þarf, sökum þess, að hún hefir upphaflega haft of litlar vörubirgðir, er hrepps-
nefndum og bæjarstjórnnum heimilt að gefa út innkaupsleyfi fyrirfram, en leyfi
þessi skulu þær bókfæra og gæta þess vandlega, að seðlum sé síðan skilað fyrir þeim.

Ef smásöluverzlun er innflytjandi, má eigi afhenda henni skömmtnarvörur til
sölu frá afgreiðslu skipsins eða annarri geymslu, sem hreppsnefnd eða bæjarstjórn
samþykkir og hefir eftirlit með, nema með leyfi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar,
sem þær gefa eigi nema smásöluverzlunin hafi skilað samsvarandi seðlamagni, eða
svo stendur á, sem hér segir á undan. — Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu síðan
senda skömmtnarskrifstofunni seðlana, ásamt skýrslum um innkaupsleyfi þau,
sem þær hafa gefið út.

13. gr.

Ef smásöluverzlanir eða neytendur þykjast órétti beittir af hreppsnefndum og
bæjarstjórnnum geta aðilar áfrýjað gerðum hennar til skömmtnarskrifstofunnar,
sem síðan úrskurðar málið í samráði við ríkisstjórnina.

14. gr.

Heildsöluverzlunum er bannað að afgreiða skömmtnarvörur til smásöluverzlana
nema gegn innkaupsleyfi hreppsnefnda, bæjarstjórna eða skömmtnarskrifstofu.
Þær skulu framkvæma birgðatalningu 16.—17. sept. og senda skömmtnarskrif-
stofunni skýrslu um hana og ennfremur um öll innkaup sín jafnóðum. Innkaups-
leyfi smásöluverzlana, útgefin af hreppsnefndum eða bæjarstjórnnum, skulu þeir
senda skömmtnarskrifstofunni er þeir hafa afgreitt pantanir þær, sem voru
sendar með.

15. gr.

Nú telur skömmtnarskrifstofan nauðsynlegt að flytja einhverja vörutegund,
er reglugerð þessi fjallar um, frá einum landshluta til annars, en eigendur varanna
vilja eigi láta þær lausar, er ríkisstjórninni þá heimilt að taka vörur þessar eignar-
námi og selja þær aftur á þeim stað, er skömmtnarskrifstofan telur nauðsynlegt.

16. gr.

Skömmtnarskrifstofan veitir smásöluverzlunum innkaupsleyfi aukalega fyrir
venjulegri rýrnun á skömmtnarvörum vegna flutnings og sölu, og ennfremur hafi

164 vara farizt eða skemmzt svo að hún er ekki söluhæf til manneldis, enda verði sönnun
9. sept. færð á þetta, sem skömmtnarskrifstofan tekur gilda.

17. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 10 000 krónum, og skal farið með
mál út af þeim sem almenn lögglumál.

18. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í ríkisstjórn Íslands, 9. september 1939.

Eysteinn Jónsson. Ólafur Thors. Jakob Möller. Hermann Jónasson.

165

9. sept.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Suðureyrarkauptún.

1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru að utanverðu og vestan, bein lína, sem hugsast dregin
úr Brimnestá yfir Súgandafjörð í innri Skjólklett á Galtarhlíð, en að innan og sunn-
an, bein lína úr Suðureyrartúnodda, yfir fjörðinn í Langodda.

2. gr.

Hreppsnefnd Suðureyrarhrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefna, undir
yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

3. gr.

Til þess að standast straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja á
Suðureyrarhöfn, og til árlegs reksturskostnaðar hafnarinnar skal stofna hafnarsjóð
fyrir Suðureyri. Í hafnarsjóð renna eignir Lendingarsjóðs Súgfirðinga, sem til þessa
hefir starfað samkvæmt samþykkt frá 14. apríl 1914.

4. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni og eigum hennar skal fela hafn-
arnefnd. Hafnarnefnd skipa 3 menn kosnir af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps. Nefnd-
armenn skulu kosnir til 3 ára, gengur einn úr árlega fyrstu tvö árin eftir hlutkesti,
sem hafnarnefnd sér um.

Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmd-
um, sem þar að lúta, annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hrepps-
nefndar.

Hafnarnefnd sér enn fremur um innheimtu á gjöldum til hafnarsjóðs samkvæmt
4.—10. gr., hún hefir umsjón með að reglugerð þessari sé hlýtt og stjórnar hafnar-
sjóðnum með umsjón hreppsnefndar.

Hafnarnefndin gerir tillögur um starfsmenn hafnarinnar, er hreppsnefnd skipar,
að fengnum tillögum hennar. Hafnarnefnd sér einnig um allt, er hreppsnefnd Suður-
eyrarhrepps eða atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið kann að fela henni sérstak-
lega í þarfir hafnarinnar.

Fyrir 1. nóvember ár hvert, ber hafnarnefnd að leggja fram frumvarp til áætl-
unar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessi skal fullsamin fyrir